



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

10. árgangur 8.tbl.

September 2013

**Stuð, stuð, stuð og aftur stuð!!
Réttarball í Árnesi 13. september!**

Stuðlabandið heldur uppi fjörinu!

Húsið opnar kl. 22:30. - Miðaverð 2.500,-

18 ára aldurstakmark.

Pizzavagninn á staðnum!

Pokaball...

UMF Gnúpverja



Lausaganga búfjár!

Fræðslufundur þriðjudagskvöldið 17. september kl.20:00 í Árnesi.

Sveitarstjórn boðar til fræðslufundar um lausagöngu búfjár og bann við lausagöngu. Kosti þess og galla að taka upp slíkt bann.

Lögfræðilegum hliðum og tryggingamálum auk kostnaðarþáttum verður velt upp.

Frummælendur:

Ólafur Dýrmundsson ráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands og
Anna Lilja Ragnarsdóttir, lögmaður hjá VÍS,
Vátryggingafélagi Íslands.

Allir velkomnir!

Sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps.





Símanúmer á skrifstofu sveitarfélagsins í Árnesi
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is
Opið mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5. okt. 2013.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir

frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.



Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps Bókahúsinu, Brautarholti.

Alltaf til skemmtilegar bækur!

Og alltaf hægt að skila. *Munið lúguna!*

Opið öll fimmtudagskvöld kl. 20:00—22:00.



S: 486-5505 www.gegnir.is
bokasafn@skeidgnup.is



Lumar einhver á leikföngum sem enginn notar?



Sérstaklega litlum bílum og traktorsdóti.

Mikið yrðum við glöð í Leikholti ☺



Fjárréttir í skeiða- og Gnúpverjahreppi 2013

Skaftholtsréttir, föstudaginn 13. september.

Fé rekið inn kl. 11:00.

Reykjaréttir, laugardaginn 14. september.

Fé rekið inn kl. 09:00.

Ökumenn eru beðnir að sýna þolinmæði því óhjákvæmilega verða tafir, vegna fjárrekstra, á vegi nr. 32 Þjórsárdalsvegi fimmtudaginn 12. sept (frá Búrfellsvirkjun að Fossnesi) hægt er þó að sæta lagi og komast fram hjá þegar áð er á nokkrum stöðum. Þá verða tafir á vegi nr. 32 og vegi nr. 30 Skeiðavegi frá Fossnesi og fram sveitina að Reykjaréttum þann 13. september (þó er þar hjáleidd fær að hluta, (Löngudælaholt) þá er hægt að komast fram hjá þegar áð er.) Einnig geta tafir orðið vegna fjárrekstra á vegi nr. 30 - Skeiðavegi þann 14. september frá kl. 13:00 og eitthvað fram eftir degi. Fylgist með á www.skeidgnup.is og einnig auglýst í Dagskránni.

Afréttarmálanefnd Gnúpverja og
Afréttamálafélag Flóa-og Skeiða.



Gnúpverjar
á við
Bringu

Í
Reykja-
réttum





Fréttatilkynning!

Ágæti lesandi fréttabréfsins, okkur langar að nota tækifærið hér á þessum vettvangi til að tilkynna breytingar sem verða á eftirliti slökkvitækja og reyskynjara í íbúðarhúsnæði í dreifbýlinu.

Breytingar þessar munu taka gildi frá og með n.k. áramótum.

Nánari upplýsingar koma í dreifibréfi sem sent verður inná öll heimili. Eins má sjá upplýsingar á heimasíðu BÁ, WWW.babubabu.is eða hafa samband við okkur í síma 4-800-900

Breytt fyrirkomulag:

Lögð verður áhersla á eigið eftirlit, þ.e.a.s. eigendur mannvirkja huga meir en verið hefur að eigin eftirliti.

- Dregið verður úr ferðum á hvern bæ.
- Eigendur slökkvitækja eru beðnir (hvatir) til að koma með slökkvitækin sín á þjónustustöð slökkvitækja, SPS, í slökkvistöðina við Árveg 1 Selfossi.
- Í þjónustustöð fá húseigendur skiptitæki og rafhlöður.

Fylgst verður með eftirlitinu og haft persónulegt samband við þá sem þurfa aðstoð við verkefnið.

Við gerum okkur grein fyrir að þessi breyting á fyrirkomulagi getur reynst harkaleg þar sem fasteignaeigendur hafa fengið heimsókn ár hvert varðandi brunavarnapáttinn.

Þessi breyting reynist okkur nauðsynleg þar sem allt rekstarumhverfi hefur tekið breytingum. Besta forvörnin er að við sjálf hugum að eigin eftirliti, á þeim nótum höfum við unnið saman og munum gera það áfram.

Með kveðju frá Brunavörnum Árnæssýslu



Þjórsárstofa!

Sumarið gekk fremur vel í Þjórsárstofu þegar upp var staðið. Frekar fámennt var þó í byrjun sumars en jókst svo verulega í júlí og enn meira í ágúst. Markmið náðust aðsókn var framar vonum. Viljum við þakka gestum innilega fyrir komuna og jákvæðnina. Myndlistarsýningar þeirra Sigurlínar Grímsdóttur á Votumýri og Gunnhildar Þ. Jónsdóttur frá Hvolsvelli var skemmtileg viðbót við starfsemina og einnig sýningin á málverkum af Heklu sem var á vegum Kristjáns Guðmundssonar. Sýning Gunnhildar stendur út september á virkum dögum á skrifstofutíma frá 16. sept. Opið er nú eftir samkomulagi í Þjórsárstofu og von er á nokkrum hópum ennþá. Hafið samband ef það hentar annað hvort á netfangið **thjorsarstofa@skeidgnup.is** eða í síma **486-6115** Þá minnum við á heimasíðuna **www.thjorsarstofa.is** Kristjana H.G.

Matarsmiðju pistill!



Mikið er búið að vera að gera í Matarsmiðjunni undanfarið og nokkrar nýjar vörur eru að líta dagsins ljós. Þeirra helstar má nefna vítamín og „þynnku drykkinn“ B.OKAY sem nú er til sölu í flestum 10/11 verslunum og er væntanlegur á fleiri staði, sem og heilsudrykkinn Íslandus sem meðal annars er unninn úr mysu og mun verða seldur í heilsuvöruverslunum og sem „matar minjagripur“ í ferðamannaverslunum. Á döfinni eru einnig nokkur spennandi verkefni sem þó er ekki tímabært að greina frá en við minnum á að allir sem luma á spennandi hugmyndum eru velkomnir að hafa samband við okkur og við skoðum hvernig best er að útfæra þær. Minnum einnig á FB síðuna okkar: www.facebook.com/Matarsmidjan


Hlökkum til að sjá ykkur,
Ingunn í Matarsmiðjunni.



Fréttir frá Leikholti í september 2013

Komiði sæl.

Þá er nýtt skólaár hafið, ný tækifæri og ný verkefni. Allt fór rólega af stað hjá okkur í ágúst, börnin týndust smá saman inn eftir því sem leið á mánuðinn. Í ágúst vorum við mikið úti við leik og störf.



Pollagallar voru staðalbúnaður í ágúst! Vá, hvað það var gaman að drullumalla ☺
28.ágúst var Stórholti boðið í Slakka. Bjarni í Fjalli keyrði hópinn í þessa skemmtilegu heimsókn. Veðrið var dásamlegt. Börnin skoðuðu öll dýrin og léku sér.



Svínin léku við hvurn sinn fingur.....



Að lokum bauð Helgi þeim upp á pylsur, svala og ís! Við þökkum kærlega fyrir þetta góða heimboð. Skipulagt starf í leikskólanum hófst nú í byrjun september. Börnin í Stórholti eru búin að nefna hópana sína: Ljónahópur, Kjúklingahópur og Hundahópur. Það eru mörg spennandi viðfangsefni, verkefni og leikur sem þessar hópar eiga eftir að takast á við í vetur.

Helgi sýnir börnunum lítinn kanínuunga, svo mjúkur.

Í síðasta fréttabréfi voru rangar fréttir frá Leikholti. Hefum getað sagt “endurtekið efni” ársгамglar fréttir úr heimsókn í Slakka föru á kreik. Ritstjóri tekur það alfarið á sig og biðst velvirðinar á mistökunum. Meðf. eru nýjustu og skemmtilegar fréttir úr leikskólanum okkar.



3. september fór Kjúklingahópur, fámennur að þessu sinni: Tristan, Valgeir Örn, Grímur Freyr og per með Sigríði Björk í íþróttir úti. Leiðin lá að risastórum steinum við Kertasmiðjuna og þar var klifrað, hoppað og rennt sér á „álfasteinunum“. Hver og einn æfði sig á að klifra upp á steinana, ég get, vil og skal! Stærstu steinanir voru mun stærri en drenginir! Þvílíkur kraftur í þeim að klifra upp á stærri

og stærri stein! Snillingar ☺ Grímur Freyr reyndi að fljúga af einum risastein með því að blaka höndum, reyndi það nokkrum sinnum en tókst ekki. Þá fann hann tvo löng strá og ákvað að blaka þeim þá hlyti hann að geta flogið smá. Hann var alveg viss um að hann hefði flogið smá í stökki númer tvö með stráin ☺ Það var glaður hópur drengja sem fór aftur í leikskólann í hádegismat.

Umhverfið hefur upp á svo margt að bjóða og það er okkar að koma auga á möguleikana og nýta þá. Fallegi góði hreppurinn okkar! Hér er svo yndislegt að vera. Með gleði, vinsemd og virðingu hefjum við nýtt skólaár og hlökkum mikið til.

Kær kveðja Sigríður Björk leikskólastjóri.



Menn og málefni!

Þann 21. júní síðastliðinn eignuðust Bjarni Arnar Hjaltason Fossnesi og Hildur Hjálmisdóttir Borgarási dreng sem var 4010 gr og 55 cm hann hefur fengið nafnið Aron Gunnar. Þetta er þeirra fyrsta barn og þau búa á Flúðum.

Þann 7. ágúst eignuðust þau Hjördís Bára Sigurðardóttir frá Laxárdal 1a og Sindri Snær Bjarnason einnig sitt fyrsta barn sem er stúlka og var 3750 gr og 52 cm. Hún var skírð Heiðdís Björk. Fjölskyldan býr á Hellu.

Óskum ykkur öllum hjartanlega til hamingju með litlu krúttin.

Þá lauk Dóra Björk Þrándardóttir, Þrándarholti, BS prófi í vélaverkfræði frá Háskóla Íslands í júní s.l. Hún er nú í framhaldsnámi í Stokkhólmi.



Vetraropnun gámasvæða

Árnes: þriðjudaga og fimmtudaga kl **09:00 - 10:30** og laugardaga kl **10:00 - 12:00**.

Brautarholt: mánud. og miðvikud. kl **09:00 – 10:30** og laugardaga kl **13:00 - 15:00**.

Opið verður fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á báðum gámastöðvunum. Ef farga þarf dýrahraejum utan auglýsts opnunar-tíma er bent á að hafa samband í **síma 893-4426**.


Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á gámasvæðinu í Brautarholti og við Áhaldahúsið í Árnesi!

Sveitarstjóri.

Fatamarkaðurinn er í fullum gangi, í Bugðugerði 7b, Árnesi!

Til sölu “Second hand” A flokkur af fötum á konur, karla og krakka! Sama verð á öllum stærðum og gerðum! **1.500,- stk.**

Kannski gott að hringja áður ef þið viljið kíkja en ég er yfirleitt heima. Síminn er 663-0289. - Lítið við! Irma.



Þessi rúmbotn er til sölu!

Stærð: br 180 cm x 210

Uppl. í síma
557-1113

Ljósleiðarinn !

Svo virðist sem flutningur ljóssins eftir strengnum góða sé í fyrirmyndarlagi í flestum tilfellum en ef einhverjir hnökrar eða vandmál koma upp hjá notendum þá eru þeir hvattir til að hafa samband við sveitarstjóra í síma 486-6100 eða á netfangið kristofer@skeidgnup.is

Unnið er að því núna að merkja legu ljósleiðara-strengsins með hælum.

Sveitarstjóri

RJÓMI RJÓMI!

Ég biðst forláts í uppskriftinni frá mér, í síðasta fréttabréfi, þar féll niður, að í sósunni með silungnum á að vera rjómi sem er eitt mikilvægasta gúmmelaðið í sósuna.

Þegar grænmetið er orðið mjúkt og fínt er RJÓMA HELLT YFIR, ÞAÐ ER „ALVÖRU RJÓMI,” EKKI MATREIÐSLURJÓMI ! og rækjurnar settar út í um leið. Flökin lögð á fatið og sósunni hellt yfir.

VERÐI YKKUR AÐ GÓÐU

Eflaust hafa margir rekið upp stór augu yfir snautlegri sósu.

Bestu kveðjur,

Rosemarie Brynhildur.

(Birt er hér aftur uppskriftin af sósunni góðu. khg)

Þá er það SÓSAN sem er toppurinn á réttinum. Þá þarf smjör eða matarolíu. Tómatar, spergilkál, sveppir og paprika, allir litir. Allt saxað smátt og látið krauma í feitinni þar til að það er mjúkt og fínt. Rækjurnar hitaðar (mega ekki soðna) Flökin lögð á fat og sósunni hellt yfir með miklum rjóma í og rækjum. Borið fram með kartöflum og fersku salati.

47. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn 13 ágúst 2013 kl. 13:00.

Mætt til fundar : Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Einar Bjarnason en hann mætti í forföllum Sigrúnar Guðlaugsdóttur. Auk þess mætti Jóhanna Arnardóttir og sat hún fundinn undir lið.1. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera.

Oddviti kom með tillögu um breytingar á áður boðaðri dagskrá.

Liður 12. Erindi frá Smalahundafélagi Árnessýslu.

Hann óskaði eftir að þessu máli yrði bætt á áður boðaða dagskrá. Ekki komu fram athugasemdir við þessar breytingar.

1. Fundargerð 61. fundar Skipulags- og bygginganefndar.

Mál nr. 5 LB_Hagi lnr. 166550 – ný íbúðarhúsaloð

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að stofnuð verði 933 fm lóð utan um núverandi íbúðarhús (fnr. 220-2305) úr landi Haga lnr. 166550. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr 6. LB_Hæll Miðnes – sameining og landsskipti

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir skv. 48. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lóðirnar Hæll Miðnes lnr. 166568 og Hæll 1 lóð 2 lnr. 220291 verði sameinaðar (samtals 38.878,5 fm) og síðan skipt í fjórar minni lóðir. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 16. Deiliskipulag minkabús að Ásum. Oddviti vék af fundi og kallaði til Jóhönnu Arnardóttur í sinn stað, Oddviti bað varaoddvita að stýra fundi.

Lögð er fram skýrsla frá Verkfræðistofu Suðurlands dagsett 08.08.2013.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu og felur skipulagsfulltrúa að leita umsagnar viðeigandi aðila. Gert er ráð fyrir að lýsingin verði aðgengileg á vef sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa.

Bent er á að meðfylgjandi lýsingu þessari er skýrsla frá Verkfræðistofu Suðurlands. Dags. 24.06.2013, þar sem kannaðar eru aðrar staðsetningar á minkahúsi í landi Ása. Jafnframt er meðfylgjandi skýrsla frá VSÓ ráðgjöf dags. Í júlí 2013. Lykt frá minkabúum. Mat á líklegri lyktarmengun og dreifingu lyktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Mál nr. 17: Dskbr. Hulduheimar.

Oddviti kom aftur til fundar og tók við fundarstjórn og vék Jóhanna af fundi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir

að breyta deiliskipulagi Hulduheima úr landi Álfsstaða (lnr. 215104) skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með fyrirvara um að undanþága fáiist frá ákvæðum skipulagsreglugerðar varðandi fjarlægð mannvirkja frá þjóðvegi. Í greinargerð breytingarinnar er farið yfir rökstuðning breytingar, þ.e. að landfræðilegar aðstæður eru þannig að hentugra er að byggja á svæði sem er innan við 100 m frá þjóðvegi en fjær honum. Þá má aftur benda á að skv. vegaskrá vegagerðarinnar er vegurinn skilgreindur sem héraðsvegur sem þýðir að við næstu endurskoðun aðalskipulags mun skilgreining hans breytast til samræmis við það. Þá er vegurinn mjög fáfarinn og skv. vegtalningu árið 2007 er meðal umferð á dag allt árið eingöngu 16 bílar. Að mati nefndarinnar er um óverulega breytingu að ræða og mælir með að sveitarstjórn samþykki hana skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga með fyrirvara um að undanþága fáiist frá ákvæðum skipulagsreglugerðar varðandi fjarlægðir mannvirkja frá þjóðvegum.

Mál nr. 18: Íbúðarhús – Stóra-Núpi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og frestar afgreiðslu málsins. Í lýsingum fyrir íbúðarhús og frístundahús þarf að taka afstöðu til umsagnar fyrirbyggjandi umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og m.a. gera grein fyrir núverandi áhrifasvæði minkabúsins Mön.

Mál nr. 19: Kílhraun – lögbýlið Mörk

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir fyrirbyggjandi deiliskipulag fyrir lögbýlið Mörk að lokinni auglýsingu með minniháttar lagfæringum til að koma til móts við ábendingar í umsögnum Veðurstofunnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Samþykkt með fyrirvara um umsagnir Vegagerðarinnar og Minjastofnunar Íslands sem eiga eftir að berast (nýjar umsagnir).

2. Áhaldahús. Verkefnaskipan og ráðningarmál. Sveitarstjóri fór yfir rekstrartölur úr rekstri áhaldahúss sveitarfélagsins. Hann lýsti hugmyndum um endurskipulagningu verkefna er heyra undir áhaldahúsið. Samþykkt að fela Sveitarstjóra og oddvita að leita leiða til að auka hagkvæmni í rekstri ofangreindra rekstrarþátta. Sveitarstjóra falið að ganga frá framlengingu tímabundinnar ráðningar starfmanns í áhaldahúsi.
3. Samningur við Motus um innheimtuþjónustu. Samningur staðfestur.
4. Atvinnumálastefna. Lögð var fram skýrsla frá atvinnuráðgjöf SASS varðandi atvinnumálastefnu sveitarfélaga. Samningi vísað til Atvinnu-fjarskipta og samgöngunefndar.
5. Samningur við Skaftholt sjálfseignastofnun um jarðgerð lífræns sorps. Samningur samþykktur og sveitarstjóra falið að undirrita samninginn.

6. Samningur við Tónsmiðjuna. Framlenging eldri samnings. Samningur samþykktur og sveitarstjóra falið að undirrita hann.
7. Undirbúningur v. skólaskrifstofu. Samningur. við Gerði Óskarsdóttur um ráðgjöf. Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkir samhljóða samninginn fyrir sitt leyti.
8. Styrkur til Árnesingafélags vegna framkvæmda við Áshildarmýri. Framlögð beiðni um styrk til Árnesingafélagsins að fjárhæð kr 148.499. Samþykkt samhljóða.
9. Rekstrarmál Þjórsárstofu. Skýrsla umsjónarmanns kaffihúss Þjórsárstofu, ásamt rekstrartölum lagt fram og kynnt.
10. Rekstrarmál tjaldsvæðis í Árnesi og sundlauga. Skýrsla umsjónarmanns lögð fram og kynnt.
11. Gjaldskrá Sorpmála. Afgreiðslu frestað.
12. Erindi frá Smalahundafélagi Árnessýslu. Beiðni um styrk að fjárhæð. 50.000 kr. Beiðni samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar.

- A. Fundargerð. 807 fundar stjórnar Sambands Ísl. Sveitarfélaga.
- B. Fundargerð Samb. Ísl Svf og félags tónlistamanna, og Kí
- C. Úthlutun úr Námsgagnasjóði.
- D. Umsögn Skipulagsstofnunar vegna virkjunarinnar Búrfell 2.
- E. Jöfnun tekjutaps á fasteignaskatti.
- F. Uppgjör á framlagi lækkaðra fasteignaskatta.
- G. Umsögn um frumvörp. Mál 6,7 og 25 frá Velferðarnefnd Alþingis.
- H. Staðfesting ráðuneytis um samþykktir sveitarfélagsins.
- I. Byggingamál í samþykktum sveitarfélaga.
- J. Umsögn um frumvarp um breytingu á Skipulagslögum frá 2010.
- K. Skýrsla um opinbera vefi.
- L. Skýrsla sveitarstjóra.
- M. Fundargerð 15. Fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands.

Fundi slitið kl 15:10.

Næsti fundur ákveðinn 3. september næstkomandi.

YOGA YOGA.

Yoga hefst mánudaginn 23. september kl. 20:15
á Yoga-Loftinu í Vestra Geldingaholti.

Yoga fyrir byrjendur sem lengra komna.

Nánari upplýsingar

í síma 861-7013

Rosemarie Brynhildur.



Kertasmiðjan Brautarholti

486 5518— 663-4666

www.kertasmidjan.is



Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási
480-1180 Fax: 480-1181 www.laugaras.is

*Félagsmálastjóri: **María Kristjánsdóttir***



Sárabót


Fyrir alla ----- við öllu.

Sárabót er alhliða græðandi smyrsl unnið úr minkafitu og íslenskum jurtum. Það hefur gert kraftaverk á exemi, útbrotum og er mjög gott fyrir brunasár. Sárabót er bæði fyrir menn og skepnur.

Höfum til sölu þetta frábæra krem.

Katrín og Stefán, Ásaskóla.

S: 4866047-8986047-8658776.



Í lok rosasumars.

Það er óhætt að segja að sumarið sem er að kveðja hefur verið með þeim vætusömustu sem undirritaður hefur lifað á tæplega hálfri öld. Rosasumar hlýtur það að teljast. Ef ekki væri til að dreifa þeirri tækni sem menn búa almennt við væri sennilega neyðarástand hjá þeim bændum sem hafa lífsviðurværi af afurðum grasbíta. Við sem ekki þurfum að þurrka hey þurfum svo sem ekkert að vera að kvarta yfir vætutíð, mér líður sjaldan illa í rigningu. Ég vona að viðri bærilega á fjallmenn og fé komi vænt af fjalli. Haustið er fallegur tími. Sérstaklega eru það litbrigðin sem heilla mig. Reyndar hafa allar árstíðir sinn sjarma.

Ferðamannastraumur ræðst að miklu leyti af veðri hverju sinni. Júní-mánuður var því afar slakur í þeim málum hér um slóðir en úr rættist er liða fór á júlí. Ég er nokkuð sáttur með aðsókn að tjaldsvæðinu hér við Árnes í sumar. Fjöldi gistinátta þar var um fimmtánhundruð í sumar og gestir í Þjórsárstofu hátt í fjögur þúsund.

Skólastarfið fer vel af stað eins og við var að búast og er leikskólinn í góðum farvegi. Börnum hefur því miður fækkað á báðum skólastigunum. Það er á skjön við íbúaþróun síðustu mánaða. En fjölgun íbúa í hreppnum er umtalsverð við teljum nú 536 en fyrir ári vorum við 503. Það þýðir 6,6 % fjölgun. Sveitarfélagið er að mínu mati vel í stakk búið til að taka við fleiri íbúum. Það eru tilbúnar lóðir í hverfunum við Árnes og Brautarholt og verðlagning þeirra hófleg.

Nokkrar íbúðir eru ekki í notkun í hverfunum flestar þeirra eru í eigu Íbúðarlánasjóðs. Vonir standa til að einhverjum þeirra verði úthlutað til búsetu á næstunni.

Það hefur tafist nokkuð frá því sem til stóð að framkvæmdir við vegagerð og gámasvæði handan Árness fari af stað. Einkum er um að kenna athugasemdum Vegagerðarinnar vegna fyrirhugaðra vegtenginga.

Það er engin ástæða til annars en horfa fullur bjartsýni inn í veturinn. Ég vil trúa því að hann verði snjóléttur og veðursæll. Það er óumflýjanleg staðreynd að framundan er kosningavetur, það má búast við

að það muni setja svip á samfélagið þegar líður á veturinn, rétt eins og í öðrum sveitarfélögum. Í mínum huga fylgir því eftirvænting. Í einum að mínum fyrri pistlum lagði ég á það áherslu að fólk snúi sér til mín eða oddvita ef það er óánægt með þjónustu og eða afgreiðslur mínar og sveitarstjórnar á málefnum. Ég vil árétta að ég er í mínu starfi til að sinna þegnum og vera um leið tengiliður milli almennra íbúa og sveitarstjórnar.

Njótið réttanna framundan og haustsins.

Kristófer sveitarstjóri.

Almennur smaladagur 28. sept.

Skilarétt 29. sept. kl. 10:00

Samkv. nýrri fjallaskilasamþykkt frá 2012 verður sameiginleg skilarétt þann 29. september í Skaftholtsréttum fyrir eftirsöfn og óskilafé Gnúpverja, Skeiða og Flóamanna.

Minnt er á 40. grein samþykktarinnar (sem áður var 41. greinin)

“Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningssmölun og halda öllu fê sem annarra sem best til skila.”

Afréttarmálanefnd Gnúpverja og Afréttamálafélag Flóa– og Skeiðamanna.

Þjórsárdalur og afréttakortið!

Mynddiskur um fjölbreytileika Þjórsárdalsins og einstaka náttúru-fegurð svæðisins eftir þá Ara Trausta Guðmundsson og Valdimar Leifsson fæst nú á skrifstofunni og kostar kr. 1.500, -

Góð gjöf, t.d. til vina erlendis.

Þegar hausta fer er gott að hafa **afréttakortið** af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna við höndina í skotveiðinni og hvers konar fjallaferðum. Það eykur öryggi ferðalanga og er ódýrt, aðeins 500,- og fæst á skrifstofunni í Árnesi.

Myndlistarsýning í Árnesi!

Gunnhildur Þórunn
Jónsdóttir frá
Hvolsvelli sýnir
olíumálverk í Árnesi



Hún leitar fanga í náttúru landsins
og einnig er íslenska sauðkindin og
hestarnir henni hugleikin í verkunum.
Sýningin er frá 16. sept og opið
virka daga frá kl. 09:00 - 16:00.

Allir hjartanlega velkomnir!

ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð
hestamannafélaganna
Trausta, Loga og Smára.

19. október í félagsheimilinu á Flúðum

Veislukvöldverður, glens, söngur og
gaman úr héraði.
Nánar auglýst síðar!

Árshátíðarnefndin



Hestamenn...fjölmennum og skemmtum okkur saman!!!!

Orf af "gamla skólanum" óskast! 😊

Orf óskast til kaups eða láns
má þarfnast lagfæringa.
Bensín eða rafknúin orf koma
ekki til greina. Kostur væri að
brúklegur ljár fylgdi með í
kaupunum.

Kristófer

Sími 861-7150

netf.

kristofer@skeidgnup.is



Til Sölu.

Þessi fallega
hillu-
samstæða er
til sölu.
Upplýsingar
í síma
557-1113
á kvöldin.



Smárafréttir

SEPTEMBER 2013



Haustfundur Smára 2013

Fimmtudagskvöldið **3. október kl 20.30**

Golfskálanum Efra-Seli Flúðum (Kaffi Sel) .

Það sem meðal annars er á dagskrá fundarins:

- **Fjölskyldu og æskulýðsstarf**
- **Brokk og Skökk**
- **Námskeiðahald**
- **Mótahald**
- **Fræðslumál**
- **Önnur mál**

Ef þið hafið skoðun á eftirfarandi málum eða viljið koma öðrum málum á framfæri til stjórnar eða félagsins er upplagt að taka þessa kvöldstund frá, mæta og ræða málin um stefnu, framtíð og stöðu félagsins okkar.

Stjórn Smára

***ÁRSHÁTÍÐ HESTAMANNAFÉLAGANNA SMÁRA, LOGA
OG TRAUSTA Í FÉLAGSHEIMILINU Á FLÚÐUM
19. OKTÓBER 2013***

**GLENS SÖNGUR OG GAMAN
FJÖLMENNUM NÚ OG SKEMMTUM OKKUR SAMAN !**

TAKIÐ DAGINN FRÁ - NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR - ALLIR VELKOMNIR



Gæðingamót Smára fór fram á Flúðum 20 júlí 2013 í frábæru veðri.

Í Barnaflokki sigraði Þorvaldur Logi Einarsson á Spá frá Álftárósi og hlaut hann einnig ásetuverðlaun í barnaflokki. Unglingaflokkinn sigraði Björgvin Ólafsson á Sveip frá Hrepphólum og hlaut Björgvin einnig ásetuverðlaun í unglingaflokki. Í ungmennaflokki sigraði Sigurbjörg Bára Björnsdóttir á Fjöður frá Vorsabæ II.



B flokk gæðinga sigraði glæsihryssan Dáð frá Jaðri sem er undan Stíganda frá Stóra-Hofí, knapi á Dáð var Ólafur Ásgeirsson.

Í A flokki gæðinga var það einnig Ólafur Ásgeirsson sem hafði sigur úr bitum á Þrístsdótturinni Nótt frá Jaðri og þar með vörðu þau titillinn og verðlaunagripinn glæsilega hreppasvipuna sem þau unnu einnig á gæðingamóti Smára 2012.


Mótanefnd þakkar öllum sem að mótinu komu, dómurum, starfsfólki, keppendum og áhorfendum kærlega fyrir góðan dag og vel unnin störf. Heildarúrslit og fleiri myndir má finna inn á www.smari.is og á [facebook](https://www.facebook.com/smari.is) síðu hestamannafélagsins Smára.



Á bak við eldavélina

Það er hún Guðný Guðnadóttir í Laxárdal sem deilir með okkur uppskriftum sínum þennan mánuð.

Hér eru tvær uppskriftir sem eru báðar eru sáræinfaldar en á sama tíma ljómandi góðar.



Fiskisúpan góða

Handa 7-6

2 dósir tómatar (í tengingum, finir þessir með basilku og hvítlauk)

400 g rjómaostur

4 msk Oscar humarsúpukraftur eða fiskikraftur

2 tsk hvítlauksduft

oregano eftir smekk

2 tsk grænmetiskraftur

6 bollar vatn og 4 dl rjómi/mjólk/kaffirjómi

Síðast fiskur: Rækjur, humar, kræklingur,

hörpuskelfiskur, lúða, lax

(t.d. 500 g rækjur og 700-800 g lax)

Borin fram með brauði og salati. Hægt er að gera súpuna daginn áður.



Sígilt og fljótlegt brauð

1 ½ bolli hveiti

½ bolli íslenskar byggflögur

2 bollar heilhveiti

1 bolli kornblanda að eigin vali

½ bolli hveitikím

1 tsk matarsóði

3 tsk lyftiduft

1 tsk salt

2 msk sykur (má sleppa)

7-8 dl súrmjólk

Öllu er blandað vel saman í skál. Deigið á að vera mjög þykkt.

Sett í mót og bakað við 180°C í tæplega klukkustund. Ég baka þetta brauð mjög oft og það má vel breyta hlutföllunum á hveiti, byggi og heilhveiti.



Ég skora á tengdadóttur mína, Petrínu Þórunni Jónsdóttur, að koma með uppskrift í næsta fréttabréf.

Kveðja,
Guðný Guðnadóttir

Minnisvarði til minningar um Má Haraldsson reistur í Gljúfurleit.

Minnisvarði til minningar um Má Haraldsson, bónda í Háholti, oddvita og fjallkóng verður afhjúpaður sunnudaginn 22. september kl. 16.00.

Minnisvarðanum hefur verið valinn staður við bílveginn yfir Lönguhlíð skammt innan við sæluhúsið í Gljúfurleit en þar á háöldunni sér inn til jökla og fjalla. Það er Ferðafélag Íslands sem hefur forgöngu um gerð minnisvarðans í samráði við fjölskyldu Má heitins og ber félagið allan kostnað við framkvæmdir en sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps veitti góðfúslega leyfi fyrir að reistur yrði minnisvarði til minningar um Má heitinn.

Með þessu vill Ferðafélag Íslands minnst þessa merka og víðsýna manns og baráttu hans fyrir verndun Þjórsárvera.

Sunnudagurinn 22. september er valinn vegna þess að þá eru eftirsafnssmalar í Gljúfurleit og geta vonandi verið viðstaddir þessa stuttu athöfn.

Að henni lokinni er öllum viðstöddum boðnar veitingar í skálanum í Gljúfurleit. Allir eru velkomnir þangað og jafnframt að minnisvarðanum þegar hann verður afhjúpaður.

Næsta sumar lætur Ferðafélagið reisa skjöld á sama stað með fróðleik um fjallferðir á afréttinum fyrir og síðar.

Verður þar einnig getið um helstu örnefni og kennileiti sem sjá má af þessum ágæta útsýnisstað. Samráð er þegar hafið við fjallkónga og fjallmenn um efni og gerð textans á upplýsingaskiltinu.

Frétt þessi er frá forseta Ferðafélags Íslands,
Ólafi Erni Haraldssyni, þjóðgarðsverði.

Góðan daginn!

Hef til sölu notaðan kæliskáp Gram hæð 136x 60dx 59,5 br í góðu lagi. Verð 20.000 kr. Einnig

Baukneckt ísskáp h 82x55x55 frystihólfið

er 49x16 - er í lagi, fínn undir borðplötu. verð 5.000kr

Brynja Bugðugerði 4b Árnesi. Sími: 690-1796

47. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnesi þriðjudaginn 3. september 2013 kl. 13:00.

Mætt til fundar: Jón Vilmundarson, Oddur Guðni Bjarnason, Björgvin Skafti Bjarnason, Harpa Dís Harðardóttir og Sigrún Guðlaugsdóttir. Kristófer A.

Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Björgvin Skafti oddviti setti fund og spurðist fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboð en svo reyndist ekki vera. Oddviti kom með tillögu um breytingar á áður boðaðri dagskrá.

Liður 11. Endurskoðun samþykktar um tómstundastyrk. Liður 12. Kynning á endurbættum vef sveitarfélagsins. Óskað var eftir að liður 12 yrði afgreiddur í upphafi fundar. Jón Leví Guðmundarson mætti til fundar og kynnti endurbætur vefsins.

Hann óskaði eftir að þessu máli yrði bætt á áður boðaða dagskrá. Ekki komu fram athugasemdir við þessar breytingar.

1. Fundargerð 62. fundar Skipulags- og bygginganefndar. 2,8,14 og 34 þarfnast staðfestingar

Mál nr. 2: Fr.kvl. Stóra-Laxá – slóði að Illaveri

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir að fela skipulagsfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við erindi Verkfræðistofu Suðurlands dags. 20. ágúst 2013, með fyrirvara um samþykki Forsætisráðuneytisins og samráðs við Afréttarmálafélag Flóa - og Skeiða.

Mál nr. 6: Afgreiðslur byggingarfulltrúa

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa fram til 21. ágúst 2013.

Mál nr. 8: LB_Húsatóftir 3 lnr. 166473 – ný 10 ha lóð.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar og samþykkir stofnun 10 ha lóðar úr landi Húsatófta lnr. 166473 og jafnframt er ekki gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 14: Stóri-Núpur 166609

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar um að grenndarkynna umsókn um byggingu vélaskemmu sem kemur í stað annarrar skemmu sem verður rifin.

Mál nr. 34: Breyting á skipulagslögum, ósk um umsögn.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu nefndarinnar á tillögu að breytingu á skipulagslögum. Tekið er undir athugasemd um að nauðsynlegt sé að koma á fót svæðisskipulagsnefnd fyrir Miðhálandið að nýju þar til landskipulagsstefna hefur tekið gildi.

2. Aðalskipulag Holtamannafréttar. Beiðni um umsögn. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leyti framlagða aðalskipulagsbreytingu Holtamannafréttar 2010-2022.
3. Lóðaleiga í sveitarfélaginu. Leigusamningar um smábýlalóðirnar Heiðarbrún og Hraunbú eru runnir út. Sveitarstjóri lagði fram drög að nýjum lóðasamningum um þær lóðir til 25 ára. Lóðaleiga verði 1 % af fasteignamati lands. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningunum.
4. Erindi frá Nesey ehf. varðandi lóðaúthlutun við Suðurbraut. Sveitarstjóra og oddvita falið að ræða við forsvarsmenn Neseyjar ehf um lóðaúthlutun og lóðaleigu við Suðurbraut.
5. Börn búsett í sveitarfélaginu er sækja um leikskóladvöl í öðrum sveitarfélögum. Sveitarstjórn samþykkir að fylgja viðmiðunarreglum Sambands Íslenskra sveitarfélaga hvað varðar kostnað við leikskóladvöl barna í öðrum sveitarfélögum en búseta er í.
6. Samningur um Sundlaug við Reykholt, endurskoðun. Í ljósi breyttra aðstæðna frá gerð núverandi samnings varðandi rekstur sundlaugar við Reykholt er ástæða til að taka samninginn til endurskoðunar. Oddvita og sveitarstjóra er falið að ræða við leigutaka um breytingar á samningnum.
7. Gjaldskrá Sorpmála. Sveitarstjórn samþykkir að þeir sem sjá um að jarðgera lífrænt hráefni heima fyrir án aðkomu sveitarfélagsins fái 10.000 króna afslátt frá gjaldskrá sorphirðu á ári.
Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að þeir sem þiggja búnað frá sveitarfélaginu til jarðgerðar á lífrænu hráefni fái 6.000 króna afslátt frá gjaldskrá sorphirðu á ári.
8. Fundargerð Skólanefndar- leikskólamálefni. Fundargerð staðfest.
9. Fundargerðir Atvinnu- samgöngu og fjarskiptanefndar nr. 5 og 6. Fundargerðir staðfestar. Samþykkt að fela Sveitarstjóra að ganga frá samningi milli Samtaka Sunnlenskra sveitarfélaga og Skeiða – og Gnúpverjahrepps um samstarf um mótun atvinnustefnu sveitarfélagsins.
10. Árnes veitingarekstur og ferðaþjónusta. Lagðar fram tölur um nýtingu tjaldsvæðis og rekstur Kaffihúss við Þjorsárstofu í Árnesi á liðnu sumri. Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir rekstraraðila að ferðaþjónustu í félagsheimilinu í Árnesi ásamt tjaldsvæði fyrir næsta sumar.
11. Endurskoðun samþykktar um tómstundastyrk.
Sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps samþykkir að allir grunnskólanemendur og framhaldsskólanemendur frá 6 ára til og með 18 ára

með lögheimili í sveitarfélaginu geti sótt um styrk sem nemur allt að 50.000. - kr. á árinu 2013 til að stunda íþrótt, æskulýðs eða menningarstarf. Með umsókn þarf að fylgja frumrit kvittunar um greiðslu frá aðila sem uppfyllir skilyrði að um viðurkennda starfsemi sé að ræða og fagaðilar sjái um þjálfun og eða menntun.

12. Endurbættur vefur sveitarfélagsins. Jón Leví Guðmundarson kerfisfræðingur hefur unnið að endurbótum vefsins og kynnti hann breytingarnar.

Mál til kynningar

- A. Fundargerð Samstarfsnefndar sambands sveitarfélaga.
- B. Samþykktir SASS.
- C. Fundargerð samráðsfundar um slóða að virkjun við Stóru-Laxá.
- D. Fundur að Stöng í Þjórsárdal.
- E. Fundargerð 152. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands.
- F. Aukaaðalfundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
- G. 6 mánaða uppgjör sveitarfélagsins.
- H. Fundargerð 33. fundar Samráðsnefndar Sambands Ísl Svf.
- I. Kynning á stöðu vindmylluverkefnis.
- J. 153. fundur Skólaskrifstofu Suðurlands.
- K. Niðurfelling Knarrarholtsvegar.
- L. Mörk á Skeiðum. Tilkynning frá minjaverði.
- M. Fundargerð 31. fundar SNF og KÍ.
- N. Sameiningarmál Sorpstöðvar og Sorpu.


Fundi slitið kl 16:00.

Næsti fundur ákveðinn 1. október næstkomandi.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er kominn á fésbókina www.facebook.com



Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.



Stelpur, konur. Komum saman, njótum og nærumst!

Nú í september, nánar tiltekið mánudaginn 16. Sept, kl, 20:30 ætlar Kvenna-kórinn Uppsveitasystur að hafa opna æfingu með ýmsum frábærum uppákomum. **Samkoman verður haldin í Félagsheimilinu Flúðum.** Kórinn hefur samkomuna með tveim lögum. Gestsöngvararnir Sigríður Thorlacius og Þóra Gylfadóttir taka lagið fyrir okkur með kórstjóranum okkar henni

Gróu Hreinsdóttur. Fleiri gestasöngvarar verða þarna eins og Guðmundur Óskar úr Hjaltalín, Alexandra Chernishova sópran, ásamt undirleikara sínum henni Jónínu Ernu Árnadóttur.

Rúsinan í pylsuendanum er svo hún Guðrún Ásmundsdóttir leikkona sem ætlar að flytja úkraínsk lög.

Nú er uppskerutíminn í hámarki og hún Dóra Svavarsdóttir meistarakokkur frá Drumboddsstöðum ætlar að galdra eitthvað gott úr náttúruafurðum í kringum okkur og leyfa okkur að smakka.

En kaffi og snakk verður líka með til að setja punktinn yfir stundina.

Sjáumst sem flestar!


Fréttir af Kirkjustarfi.

Mánudagskvöldið 9. september s.l. var haldinn, í Hruna, sameiginlegur fundur sóknarnefna í Hrunaprestakalli sem sr. Eiríkur Jóhannsson boðaði til en hann er kominn aftur til okkar eftir eins árs fjarveru í Reykjavík og starfaði m.a. á Biskupsstofu. Góð mæting var á fundinn og kom sr. Eiríkur með góðar hugmyndir sem geta elft starfið í kirkjunum okkar. Vænt þótti fundarmönnum um að fá prestinn aftur þó svo að prestakallið hafi verið afar heppið að fá slíkan úrvalsmann og sr. Halldór er á meðan. Vonandi fannst öllum þetta góð tilbreyting í kirkjustarfinu. Prestur bauð Snæbjörn Guðmundsson Hlemmiskeiði 2 velkominn í hópinn, hann er nýr gjaldkeri í Ólafsvallakirkjusókn en auk hennar eru sóknir Hrepphólakirkju, Hrunakirkju, Stóra-Núpskirkju og Tungufells í Hrunaprestakalli.

Hugur fólks stóð til góðra verka í vetur.

Bestu kveðjur. Kristjana H. G.

Sími prestakallsins
er **856-1572**





Skólabyrjun

Skólinn okkar hefur farið vel af stað og börnin höfðu frá skemmtilegum fréttum að segja frá sumrinu.

Sjö nýir nemendur komu í skólann, einn nemandi í

5. bekk og 6 nemendur í 1. bekk og bjóðum við þá hjartanlega velkomna.

Útilegan

Árleg útilega Þjórsárskóla er skemmtilegt uppbrót í skólastarfinu. Hún þjappar nemendum saman eftir sumarið og er að auki kjörið tækifæri til þess að læra að umgangast, bera virðingu fyrir og hlúa að skóginum okkar.

Við lögðum af stað inn í skóg um hádegi. Þar tók Ólafur Oddsson á móti okkur og stýrði stöðvavinnu með starfsfólki og nemendum. Við lærðum að kljúfa, afberkja, tálga og fleira skemmtilegt. Eldri nemendur fengu að auki að smíða borð með Jóhannesi á Ásólfstöðum, sem við tókum síðan með okkur og prýða þeir skólalóðina okkar.

Þrátt fyrir að dagurinn hafi verið vætusamur þá lærðum við margt skemmtilegt og nutum þess að vera saman úti í fallegu umhverfi. Ákveðið var að þar sem spáin var ekki góð að gista í skólanum og var gott að komast inn í hlýjuna eftir daginn. Allir komu sér fyrir í stofunum sínum með kennurum, borðuðu kvöldmat, lásu síðan bækur, spiluðu, spjölluðu og þeir sem vildu horfðu á mynd.



Á föstudeginum var farið snemma á fætur og þegar búið var að ganga frá förum við út í ratleik þar sem við lærðum um áttirnar og förum í boltaleiki.

Kartöflu uppskera

Nemendur í 7. bekk settu niður kartöflur í vor sem voru teknar upp núna á haustdögum. Nokkrir nemendur í 6. bekk fengu að aðstoða 7. bekk. Uppskeran var ljómandi góð og verður hún notuð í mótuneytinu okkar og í heimilisfræði.



Hljóðkerfi

Í vor fékk skólinn 100.000 krónur að gjöf frá Leikdeild Ungmennafélags Gnúpverja. Ákveðið var að kaupa hljóðkerfi fyrir skólann og það á svo sannarlega eftir að koma sér vel fyrir okkur. Kunnum við bestu þakkir fyrir.

Sumarlestur

Þetta er annað árið sem skólinn stendur fyrir sumarlestrarátaki fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Nemendur sem lásu upphátt að lágmarki 20 sinnum yfir sumarið fengu viðurkenningarskjal og verðlaun núna í vikunni. Þátttakan í ár var alveg frábær, rúmlega 90% nemenda tóku þátt. Áhugi var mikill og voru margar bækur lesnar. Sumarlestur er tækifæri fyrir foreldra til þess að halda lestri að börnunum sínum og um leið styðja við lestrarþjálfun þeirra og glæða lestraráhuga. Verið er að vinna að lestrarstefnu fyrir skólann og er sumarlesturinn kominn til að vera.



Hjólaferðin

Árleg hjólaferð var farin 10. september. Allir voru með hjálma, í gulum öryggis-vestum og farnar voru mislangar leiðir eftir bekkjum. 1. og 2. bekkur hjólaði í kringum skólann, 3., 4. og 5. bekkur hjólaði reiðgöturnar fram fyrir Kálfárbrú og gamla veginn til baka. Elsti hópurinn fór 10 km leið, svokallaðan Austurhlíðar-hring. Á leiðinni var rætt um kennileiti og bæi í sveitinni.



Framundan eru síðan réttir og finnum við mikinn áhuga hjá nemendum hvað varðar fjallferðir, sauðfé og hefðir í kringum réttadagana. Til gamans hefur Árdís sagt okkur frá dagleiðum fjallmanna á Gnúpverja- Flóa og Skeiðamanna afréttum, hvar þeir gista og ýmsum fróðleik tengdum fjallferðum.

Kveðja úr skólanum.

Kristín og Bolette

VIOLA **snyrtistofa!** Högnastíg 1 Flúðum

Verður lokuð frá
7. október – 27. október
Hlíf - Sími 856-1599.



Brottför úr Reykjavík, Héðinsgata 1 –3
Mánudaga til föstudaga **kl. 13:00**
Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko **kl. 14:00**.
Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Vantar þig sérstaka gjöf?

Hef til sölu ýmsa handunna muni úr minkaskinni og roði. Hálsfestar, hárskraut, eyrnalokka, armbönd, bókamerki, vasapela og fleira. Sérstæðir munir sem ekki fást annars staðar.

Komið og lítið á úrvalið.

Katrín, Ásaskóla,
sími: 898-6047 / 486-6047.





Kynnið ykkur fjöl-
breytta viðburðadag-
skrá á www.upplit.is
allir velkomnir!



Laugarvatn Fontana er opið allt árið, en breytingar
geta orðið á afgreiðslutíma á hátíðisdögum.

SUMARTÍMI

1. júní - 18. ágúst 2013 Opið daglega 10:00—23:00
Sérstakur opnunartími á sólstöðum frá 20. - 24. júní 2013
10:00 - 01:00 (eftir miðnætti)

ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

SMÍÐJUSTÍG 6A – SÍMI 486-1866

OPIÐ: VIRKA DAGA 9 -18

LAUGARDAGA 11-14



Flúðaleið ehf



Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Er komið haust??? *“Ja, maður spyr sig”*

Sprauta / skammta

Skammta-sprauta 3ja og 5 ml. Eigum einnig varahluti í 3ja og 5 ml. skammta-sprautur.



Inngjafabyssa m/slöngu

Inngjafasprauta 23 ml. með slöngu sem einnig er hægt að nota fyrir venjulegar sprautunálar.

Boltabyssa (Sláturbyssa)



Einnota sprautur og nálar



Klaufaklippur



Vogir



Gripamerkilítir



Gripamerki-spray



Regnföt

66
NORDUR



Stígvél - reiðskór



Sokkar



Skeifur - hóffjaðrir



Allt í sláturgerðina

Hnífar, kjötsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilispokar, balar, fötur, úrbeiningahanskar, hamborgarapressa, vaccumpökkunarvél og pokar, o.fl.....



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

Opnunartími sundlauga 19.ág. -1.nóv. 2013 í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Neslaug

s: 486-6117



Þriðjudaga: 18 — 22

Laugardaga: 11 — 16

Skeiðalaug

s: 486 5500

Fimmtudaga: 18 — 22

Laugardaga: 11 — 16

Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri og 67 ára og eldri
sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu.

Vörur tengdar sundi seldar í afgreiðslum lauganna.

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

Umsjónarmaður.

Eypór Brynjólfsson



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30-16:30.

Símatímar lækna virka daga

kl. 9-9:30 og 13-13:30

Vaktsími 892-8804 - Neyðarsími 112

Apótekið opið mán. - fös. 09:00 - 17:00 S. 486-8655